

Tollskrá: Umbúðategundir:

- 48.07.88 Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áritun.
- 48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.16.07 Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.19.02 Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir.
- 73.23.04 Áletraðar dósir, úr járn, stáli eða legeringum þeirra málma, utan um útflutningsvörur.
- 76.16.02 Fiskkassar og fiskkórfur úr alúmíni og alúmínlegeringum.
- 83.13.03 Áletruð lok, úr ódýrum málmum, á dósir utan um útflutningsvörur.

III. Innflutt efni í umbúðir um útflutningsvörur.

Sömu skilyrði og sett eru hér að framan í I um endurgreiðslur á gjöldum af innfluttum efnivörum í útflutningsvörum gilda um endurgreiðslur á gjöldum af innfluttum efnum í útflutningsumbúðir.

Ef umbúðirnar eru gerðar af öðrum en endurgreiðslubeiðanda eða útflytjanda, skulu þeir biðja framleiðanda umbúðanna að senda ráðuneytinu bæði bréf um það, hversu mikið innflutt efni fór í hverja umbúðaeiningu eða í hið selda umbúðamagn og tollreikninga yfir hið notaða umbúðaefni, en ráðuneytið endursendir innflytjanda reikningana að aflokinni notkun þeirra með áritun á þá um endurgreiðsluna.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

Nr. 283.

11. nóvember 1966.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur verið ákveðið, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 að einstefnuakstur verði á Starhaga til vesturs frá Suðurgötu að Ægissíðu og á Lynghaga til austurs frá Ægissíðu að Suðurgötu.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. nóvember 1966.

Sigurjón Sigurðsson.